



Eik fasteignafélag hf.
Álfheimum 74
104 Reykjavík

27. ágúst 2020

Staðfesting og könnun PwC á útreikningum sérstakra skilyrða skuldabréfaflokksins EIK 161047

Í tengslum við þjónustusamning PricewaterhouseCoopers ehf. („PwC“) við Eik fasteignafélag hf. („Eik“), undirritaður 9. október 2017, birtir PwC hér niðurstöður í tengslum við hlutverk sitt sem eftirlitsaðili vegna skuldabréfaflokksins EIK 161047.

Eftirlitsaðili skal staðfesta og kanna sjálfstætt útreikning útgefanda (Eik) á sérstökum skilyrðum, þ.e. sjóðstreymis- og eiginfjárvöðum og fjárhæð tryggingabréfa, eins og þau eru skilgreind í skuldabréfaflokknum. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörssdegi og rekstrarliðir við undangengna tólf mánuði frá uppgjörssdegi. Staðfestingin og könnunin skiptist í sérstök fjárhagsleg skilyrði og tryggingaskilyrði sbr. hér að neðan.

Fjárhagsleg skilyrði		Skilyrði	Niðurstaða útreiknings	Skilyrði staðist
Sjóðstreymiskvöð:	Hreinar leigutekjur deilt með reiknuðum vöxtum á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægra en 1,5	2,60	Já
Eiginfjárvöð:	Eiginfjárlutfall án óefnislegra eigna á prófunardegi.	Aldrei lægra en 20%	31%	Já
Tryggingaleg skilyrði				
Sjóðstreymiskvöð:	Hreinar leigutekjur veðandlagsins deilt með reiknuðum vöxtum af nettó veðskuldum (án verðbóta og gengisbreytinga) á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægra en 1,65	2,4	Já
Veðsetningarlutfall:	Hlutfall nettó veðskulda miðað við bókfært virði veðandlagsins.	Aldrei hærra en 75%.	70,4%	Já

PwC staðfestir hér með að skuldabréfaflokkurinn EIK 161047 stenst öll ofangreind skilyrði miðað við dagsetninguna 30.6.2020.